

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 400. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. apríl 2026 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 365. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 19. mars 2026.
- 2) Fundargerð 366. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 9. apríl 2026. Lögð fram á fundinum.
- 3) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 4) Sorpmál í Snæfellsbæ. Smári Jónas Lúðvíksson mætir á fundinn.
- 5) Fundargerð 200. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. mars 2026.
- 6) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 23. mars 2026.
- 7) Fundargerð 23. fundar öldungaráðs, dags. 24. mars 2026.
- 8) Fundargerðir 3. og 4. fundar stýrihóps um menntastefnu Snæfellsbæjar, dags. 12. febrúar og 12. mars 2026.
- 9) Fundargerðir 240. og 241. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. janúar og 24. febrúar 2026.
- 10) Fundargerð 201. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 23. mars 2026.
- 11) Fundargerðir 994., 995. og 996. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. mars, 10. mars og 20. mars 2026.
- 12) Minnisblað starfshóps um mat á þörf á nýrri slökkvibílfreið, dags. 27. mars 2026.
- 13) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 26. mars 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hellisbrautar 18 ehf., um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, veitingasala og greiðasala, að Hellisbraut 18 á Hellissandi, Snæfellsbæ.
- 14) Bréf frá Samkeppniseftirlitinu, dags. 26. mars 2026, varðandi niðurstöður vinnustofu og ráðstefnu um opinber innkaup.
- 15) Ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélags Íslands, dags. 28. mars 2026.
- 16) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ. 31. mars 2026
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

365. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 19. mars 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júniana Björg Óttarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) Stöðugildi á Jaðri.

Sigrún Erla Sveinsdóttir, forstöðumaður, mætti á fundinn og var hún boðin velkomin. Fór hún yfir ástæður beiðni sinnar um aukinn fjölda stöðugilda á Jaðri.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu á árinu 2026 allt að kr. 8 milljónir til að auka stöðugildi næturvaktar á Jaðri, þannig að frá og með 1. maí séu alltaf tveir starfsmenn á næturvakt frá miðnætti til kl. 4 á nóttunni.

Var Sigrúnu nú þökkud koman og vék hún af fundi.

2) Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2026.

Bæjarráð samþykkti framlagða húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar samhljóða.

3) Bréf frá Snæfellsjökulspjóðgarði, dags. 17. mars 2026, varðandi opinn hádegisfund um menningararf Öndverðarness þann 24. mars n.k. frá 12-13

Lagt fram til kynningar.

4) Umsókn um kattahald. Sigrún Ósk Jónsdóttir sækir um leyfi til að halda köttinn Tómas Mána.

Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.

5) Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 12. mars 2026, varðandi skólaakstur á haustönn.

Lagt fram til kynningar.

6) Bréf frá Hollvinasamtökum HVE, dags. 16. mars 2026, varðandi söfnun fyrir hjartasíríta og augnlampa fyrir HVE.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að setja í söfnuna kr. 300.000.-

7) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 3. mars 2026, varðandi afskriftir. Sjá trúnaðarmálabók.

Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðar afskriftir.

8) Minnispunktar bæjarstjóra.

a) Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann og forstöðumaður Jaðars munu eiga á morgun með arkitekti varðandi mögulega stækkun Jaðars.


b) Bæjarstjóri sagði frá verðkönnun vegna niðurrifs á Átthagastofunni.


c) Bæjarstjóri sagði frá því að komin er umsókn um að vera með rekstur í Pakkhúsinu.

d) Bæjarstjóri sagði frá fundi um raforkumál með Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.


Handwritten signatures and initials:
BHH
FS
JSD
KJ


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:17


Jóniana Björg Ottarsdóttir


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Fullgild rafræn undirskrift

VALGERÐUR HLÍN KRISTMANNSDÓTTIR

Kennitala: 160888-2889
2026-03-27 12:05:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MATTHÍAS PÁLL GUNNARSSON

Kennitala: 040478-5909
2026-03-27 12:06:15 GMT
Stökkviliðsstjóri

Fullgild rafræn undirskrift

ODDUR ORRI BRYNJARSSON

Kennitala: 170993-5729
2026-03-27 12:06:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EIRÍKUR BÖÐVAR RÚNARSSON

Kennitala: 240336-1149
2026-03-27 12:07:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

RAGNAR MÁR RAGNARSSON

Kennitala: 200373-5109
2026-03-27 12:07:37 GMT
Byggingarfulltrúi

Fullgild rafræn undirskrift

MAGNÚS EIRÍKSSON

Kennitala: 250862-3779
2026-03-27 12:08:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ILLUGI JENS JÓNASSON

Kennitala: 300668-4299
2026-03-27 12:09:02 GMT
Formaður

Fullgild rafræn undirskrift

HALLDÓR KRISTINSSON

Kennitala: 150475-6000
2026-03-27 12:14:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 200200. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 27. mars 2026 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Oddur Orri Brynjarsson, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir og Ragnar Már Ragnarsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Klettakot_Stofnun tveggja lóða úr Klettakoti L132779 - 2603001

Adam Hoffritz merkjalýsandi sendir inn erindi fyrir hönd eiganda Klettakots. Sótt er um stofnun tveggja lóða úr Klettakoti L132779. Tilgangur skipta er að eigendur eru að gera upp eignarhluta sína og skipta í séreignir. Ekkert skipulag er í gildi á svæðinu og verða engin mannvirki á nýjum lóðum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir eigendum á að leita þurfi umsagnar Vegagerðarinnar ef leggja á vegslóðann.

Samþykkt

2. Hjarðartún 10 - Umsókn um klæðningu tveggja hliða með báru - 2603002

Jóhanna Jóhannesdóttir sækir fyrir hönd eiganda Hjarðartúns 10 um byggingarleyfi fyrir klæðningu hússins á tveimur hliðum með báruáli.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki allra húseiganda og uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar og uppfærðum aðaluppdráttum. Nefndin bendir umsækjanda á að skoða kostnað við að einangra og múra húsið.

Samþykkt

3. Grundarbraut 2 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 16,4 fm viðbyggingu - 2603003

Hildur Bjarnadóttir hönnuður sækir fyrir hönd Matarlistans ehf. um byggingarleyfi fyrir 16,4 fm viðbyggingu á vesturhlið hússins. Viðbyggingin verður úr timbri í stíl við núverandi hús.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

4. Hraunás 11 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 25,85 fm viðbyggingu - 2603004

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Kristgeir Kristgeirsson sækir um byggingarleyfi fyrir 25,85 fm viðbyggingu við hús sitt að Hraunási 11. Viðbyggingin er úr timbri og klæðning verður sambærileg þeirri sem er á húsinu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynning fyrir eigendum Hraunáss 13 og uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Samþykkt

5. **Kaldilækur - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 77,7 fm viðbyggingu ásamt tengibyggingu - 2603008**

Lúðvík Ver Smáráson sækir fyrir hönd Sjómannadagsráðs Ólafsvíkur um byggingarleyfi fyrir 8 fm tengibyggingu og 69,7 fm viðbyggingu við Kaldalæk sem stendur í Sjómannagarðinum í Ólafsvík. Þar sem viðbyggingin verður við hús frá 1905 þarf samþykki Minjastofnunar. Búið er að hafa samband við Minjastofnun og er beðið eftir svari.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar og samþykki Minjastofnunar.

Samþykkt

6. **Skólabraut 7_Ósk um afstöðu nefndar til teikninga íbúðarhúss - 2602007**

Sendar eru inn uppfærðar teikningar eftir athugasemd umhverfis- og skipulagsnefndar á 199. fundi nefndarinnar þann 26. febrúar 2026.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

7. **Fyrirspurn vegna átaksverkefnis um tvítengingu eintengdra þéttbýla með ljósleiðara - 2603009**

Innviðaráðuneytið er að fara í átaksverkefni um tvítengingu eintengdra þéttbýla með ljósleiðara. Miðað er við að lagður verði ljósleiðari frá Malarrífi út fyrir enda Snæfellsness sem tengist ljósleiðara til beggja enda í eigu Mílu, annars vegar við Gulúskála og hins vegar við Purkhóla nærri Malarrífi. Miðað er við að verkið verði unnið í samvinnu við Mílu á árinu 2026. Unnið er að lokahönnun en áformuð leið er sýnd í fylgiskjali.

Magnús Hauksson, framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. óskar eftir afstöðu sveitarfélagsins til verksins sem og ábendingum um framkvæmdina ef einhver eru.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. **Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2026 - 2601006**

Stöðuleyfi vegna hjólhýsa strandveiðimanna rætt
- Nefndin bendir á rekstraraðila tjaldsvæðanna í Snæfellsbæ.

Óleyfisframkvæmdir í sveitarfélaginu ræddar

Sorpmál í sveitarfélaginu rædd

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Fundargerð fræðslunefndar

mánudaginn 23. mars 2026 kl. 17:00

Mæting: Sigrún Erla Sveinsdóttir, Margrét Sif Sævarsdóttir, Karítas Hrafns Elvarsdóttir, Tinna Ýr Gunnarsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Hermína Kristín Lárusdóttir, Linda Rut Svansdóttir, Valentina Kay, V. Lilja Stefánsdóttir, Guðný Eiríkur Guðmundsson, Þórey Úlfarsdóttir, Kristín Helga Guðjónsdóttir, Gunnþór frá Ásgarði.

Leikskólinn

- Skóladagatalið 2026-2027 kynnt og starfsdagar í samráði við grunnskóla - og tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir utan einn starfsdag sem verður föstudaginn 7. maí 2027 þar sem starfsfólk leikskólans fer í námsferð erlendis.

Dagatalið var samþykkt.

- Leikskólastjóri fór yfir mönnunarmál.
 - Mögulega þarf að auglýsa í tímabundnar stöður.
 - Afleysingar: 2 í Ólafsvík og 1 Hellissandi.
 - Áætlaður barnafjöldinn í apríl 2026 veður 87.
 - Dvalartíminn er vel nýttur
 - Barngildið núna 111,6
 - Starfsmannasamtöl fara fram í mars og apríl.
- Staða sérkennslunnar er svipuð.
 - Einn með stuðning og mögulega annar að bætast við næsta skólaár.
 - Framburðarþjálfun 8-10 börn
 - Þarf að koma inn tvítyngdum börnum í sérkennslu.

Tónlistarskólinn

- Skóladagatalið fylgir grunnskólanum

Dagatalið er samþykkt.

- Engar mannabreytingar fyrir komandi skólaár.
- Staða á nemendum við skólann verður í vor/haust.
- Starfsmannasamtöl: Engin sérstök samtöl eiga sér stað en starfsfólk hefur góðan aðgang að skólastjóra tónlistarskólans.
 - Mögulegar breytingar verða á samtölunum þar sem þau verða tekin upp formlega.

Grunnskólinn

- Skóladagatal var kynnt og reynt hefur verið að dreifa dögnum sem fara og skerta daga yfir daga vikunnar þannig þetta lendi ekki alltaf á sömu dögnum.

Dagatalið samþykkt

- Sami bekkjarfjöldi 2026-2027
 - Gæti orðið 7 nemendum færri næsta skólaár.
- Skólastjóri fór yfir starfsmannamál.
 - Mögulega þarf að auglýsa störf og einhver tímabundin.
- Sérkennslan: staðan verður svipuð næsta skólaár, 2 nemendur fara út og 2 koma inn.
- Starfsmannasamtöl: Lilja skólastjóri tekur viðtöl við kennara
 - Guðni aðstoðarskólastjóri tekur við kjalarstarfsfólk.
 - Skólastjóri vill gera vinnuskýrslur fyrir starfsfólk í byrjun skólaárs, þetta á að vera gert samkvæmt lögum.

Önnur mál

- Gunnþór kom með tillögu af formi fyrir stjórnendur til að nota í starfsmannasamtölunum.
- Hann talaði einnig fyrir því að það eigi að vera formleg starfsmannasamtöl sama hversu stór/lítill vinnustaðurinn er, þetta er réttur starfsfólks að geta sest niður með yfirmanni í trúnaði og rætt málin. Þar sem þetta er formlegt viðtal og skrásett.
- Góðgerðardagar í grunnskólanum gengu virkilega vel allir stóðu sig með sóma og eiga hrós skilið, bæði nemendur og starfsfólk.
- Talmeinafræðingur: umræða skapaðist um talmeinafræðing sem búsettur er á svæðinu. Stjórnendur vilja að farið sé í að kanna hver staðan á henni er og vilji til að fá hana í meira samstarf með menntastofnunum bæjarins.
- Endurbætur á tónlistarskóla húsnæðinu í sumar, klæða húsnæði að utan og einnig gluggaskipti.
- Tónlistarskólinn kom inn á að nemendur eru að fara taka áfangapróf í maí og þá koma dómarar frá Reykjavík og nemendur af Snæfellsnesi koma hingað að taka prófið.
- Menntastefnan gengur vel og 3 fundir eftir samkvæmt plani.

Fundi slitið 18:10

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundargerð no 23 hjá Öldungaráði Snæfellsbæjar

Haldin í Höllinni í Ólafsvík þriðjudaginn 24. mars 2026 kl 14,00

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Ragnheiður Víglundsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson.

Ólafur Hlynur formaður setti fund og stýrði og bauð fundarmenn velkomna.

Ólafur byrjaði á að ræða kjörtímabilið sem er að renna sitt skeið hjá nefndinni en sveitarstjórnarkosningar verða laugardaginn 16. maí nk. Það koma fram að alls hefur Öldungaráð haldið ellefu fundi á tímabilinu. Mörgum hefur verið boðið á fundi og margt hefur borið á góma á þeim ma verkefnið „er gott að eldast“ sem talsverðar vonir hafa verið bundnar við. Það virðist lítið vera að fréttu af því máli eins og staðan er núna.

Mikið var rætt um íbúðir fyrir aldraða og var bæjarstjórnin hvött eftir tillögu Öldungaráðs að gera könnun á hvaða íbúðarform kæmi fólki 60 + best. Líka hvað kæmi á lóðina þar sem áttthagastofan er núna og eftir að hún verði fjarlægð. Umræður urðu um heilsueflingu í bæjarfélaginu sem flestir eru sáttir við og aðkomu bæjarins að því. Ekki má gleyma Höllinni sem hefur svo sannarlega komið sér vel að mati Öldungaráðs og má þakka Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hve hún brást við húsnæðisleysi sem orðið var.

Þá má nefna fleiri mál sem upp hafa komið ss námskeið í „skjá vá“ , umræður um sorphirðumál, snjómokstur, garðslátt og fleira. Þá tók umræða um líkhúsið nokkurn tíma en ráðið telur að það mál se í góðum gír. Umræður urðu um fasteignagjöld og vildu fundarmenn að bærinn geri betur við eldri borgara í þeim efnum.

Í lok fundar þakkaði Ólafur formaður nefndarmönnum kærlega fyrir samvinnuna á kjörtímabilinu sem var einkar ánægjuleg.

Þá þökkuðu nefndarmenn Ólafi fyrir mjög góða stjórn á fundunum og hans vinnuframlag við undirbúning þeirra. Einnig þökkuðu þeir honum fyrir súkkulaðirúsínurnar sem ávallt voru á boðstólum.

Fundi slitið kl 14,45.

Fundargerð ritaði Pétur Steinar Jóhannsson





Fundargerðir stýrihóps

Fundur nr. 3 - fimmtudaginn 12. febrúar kl. 15.00 - staðfundur grsk í Ólafsvík

- Mætt voru:
 - (forföll) Sigrún Erla Sveinsdóttir, fræðslunefnd
 - Margrét Sif Sævarsdóttir, fræðslunefnd
 - Vilborg Lilja Stefánsdóttir, skólastjóri grunnskólans
 - Guðni Eiríkur Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri grunnskólans
 - Rósa Erlendsdóttir, deildarstjóri Lýsudeildar grunnskólans
 - Guðrún Anna Oddsdóttir, grunnskólakennari
 - Hermína K. Lárusdóttir, leikskólastjóri
 - Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri
 - Þorkatla Kristín Sumarliðadóttir, leikskólakennari
 - Valentina Kay, tónlistarskólastjóri
 - Gunnþór ráðgjafi
- Síðasti fundur yfirfarinn.
- Staðan á starfsmannakönnun. Komin 25 svör. Stjórnendur senda aftur og óska eftir að fólk svari. Höfum opið í 2 vikur enn.
- Samtöl við nemendur gengur mjög vel og mikilvægt að hafa rödd þeirra við endurskoðunina.
- Íbúafundur gekk vel hátt í 30 manns mættu.
 - Könnun í kjölfarið sem Gunnþór sendir á upplýsingafulltrúa og stjórnendur.
 - <https://www.snb.is/is/frettir/rafraen-ibuakonnun-vegna-endurskodunar-menntastefnu-snaefellsbaejar-taktu-thatt>
- Eru til nýlegar eða fyrirbyggjandi kannanir s.s. meðal starfsfólks, foreldra, nemenda?
 - Íslenska æskulýðsrannsóknin frá 2025 í grsk. Starfsmanna og foreldra í leikskólanum.
- Skoðuðum nýjar stefnur og veltum fyrir okkur innihaldi og áherslum.
- Næsta skref er að senda út opna íbúakönnun með sama efni og á íbúafundinum og hafa opna í 1-2 vikur, ýta áfram á eftir starfsmannakönnun.
- Gunnþór dregur saman gögn frá nemendasamtölum og íbúafundi og svo bætast við gögn úr könnunum. Svo byrjar endurskoðun út frá þeim gögnum.

Fundargerðir stýrihóps

Fundur nr. 4 - 12. mars kl. 15.00 á Teams

- Mætt voru:
 - Sigrún Erla Sveinsdóttir, fræðslunefnd
 - Margrét Sif Sævarsdóttir, fræðslunefnd
 - Vilborg Lilja Stefánsdóttir, skólastjóri grunnskólans
 - Guðni Eiríkur Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri grunnskólans
 - Rósa Erlendsdóttir, deildarstjóri Lýsudeildar grunnskólans
 - Guðrún Anna Oddsdóttir, grunnskólakennari
 - Hermína K. Lárusdóttir, leikskólastjóri
 - *(Forföll) Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri*
 - Þorkatla Kristín Sumarliðadóttir, leikskólakennari
 - Valentina Kay, tónlistarskólastjóri
 - Gunnþór ráðgjafi
- Síðasti fundur yfirfarinn.
- Samantekt gagna
 -  Snæfellsbær menntastefna endurskoðun 2026-samantekt íbúafun...
 -  Snæfellsbær-Samantekt-Samtöl við nemendur febrúar 2026-endur...
 -  Snæfellsbær menntastefna endurskoðun 2026-samantekt starfsm...
- Samráð gekk vel og gögnin hafa verið nýtt til að endurskoða stefnuna. Gögnin sem og önnur matsgögn skólanna nýtast svo til að gera aðgerðaráætlun
- Endurskoðun stefnu er hafin og gengur vel, mikilvægt að stýrihópur fari vel yfir textann í þessum flípa  Fyrstu drög 12. mars og geri þar athugasemdir tímanlega fram að næsta fundi. Eftir þann fund hreinsum við texta og sendum drög í opið samráð.
- Gunnþór vinnur að aðgerðaráætlun fram að næsta fundi.
- Næsti fundur ~~9. apríl kl. 15-17~~
 - Ákveðið að færa næsta fund vegna annarra verkefna til 16. apríl kl. 15⁰⁰



BREIÐAFJARÐARNEFND

240. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. janúar 2026, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: Sunna Björk Ragnarsdóttir

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

1. Fundargerð 239. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 239. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 12. desember 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2026 - Örnefnaverkefnið

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun vinna áfram að örnefnaverkefninu árið 2026. Framhaldssamningur var undirritaður í lok árs 2025 og er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2026.

Afgreiðsla:

Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram hugmynd um að halda sameiginlegan viðburð vorið 2026 þar sem niðurstöður samstarfsverkefnis verða kynntar almenningi. Gert er ráð fyrir að viðburðurinn fari fram í Stykkishólmi í apríl. Breiðafjarðarnefnd ræddi hugmyndina og samþykkti að hefja undirbúning í samstarfi við Náttúrufræðistofnun.

3. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025

Breiðafjarðarnefnd markaði sér framtíðarsýn árið 2022 sem hún hafði að leiðarljósi á starfstímabilinu til ársins 2025. Með þá framtíðarsýn að leiðarljósi, ásamt þeim forgangsatríðum sem sett voru fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014–2019, vann Breiðafjarðarnefnd framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2022–2025.

Breiðafjarðarnefnd er nú að undirbúa nýja framkvæmdaáætlun fyrir núverandi starfstímabil nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Nefndin kynnti sér framkvæmdaáætlunina 2022–2025 og þau helstu verkefni sem þar voru lögð til. Nefndin ákvað að vísa málið til næsta staðfundar, sem fyrirhugaður er í mars.



4. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Vorið 2025 gerði Breiðafjarðarnefnd samkomulag við fagaðila (Vatnaskil og Cowi) um að kanna og greina þá undirbúningsvinnu sem þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka upplýsta ákvörðun um hagkvæmni endurheimtar Hraunsfjarðar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

Breiðafjarðarnefnd og landeigendur við Hraunsfjörð eiga fund 22. janúar, þar sem Vatnaskil og COWI kynna fyrir landeigendum frumniðurstöður sem áður voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

5. Melrakkaey við Stykkishólm

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið ábendingu um bryggjuframkvæmd í Melrakkaey við Stykkishólm.

Afgreiðsla:

Nefndin áframsendir upplýsingar um ábendinguna til Sveitarfélagsins Stykkisólms og Náttúruverndarstofnunar. .

6. Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „Framtíð Breiðafjarðar“ árið 2019. Framtak hennar leiddi til skipun stýrihóps um Framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Vestfjarðastofa leiddu stýrihópinn og hafa síðan 2024 ýtt á eftir niðurstöðum stýrihópsins.

SSV og Vestfjarðastofa settu sig í samband við Breiðafjarðarnefnd í haust 2025 til að kynna fyrir nefndinni eftirfylgni landshlutasamtakanna.

Afgreiðsla:

Páll Brynjarsson frá SSV og Aðalsteinn Óskarson frá Vestfjarðarstofu mættu á fund Breiðafjarðarnefndar til að kynna eftirfylgni skýrslu framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

7. Önnur mál

Staða endurskoðunar verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð rædd. Verkefnið er í umsjón Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða. Fyrir áramót voru gerðar breytingar á skipulagi verkefnisins og mun Náttúrustofa Vesturlands sjá um að ljúka því á næstu mánuðum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, sem jafnframt sinnir endurskoðun verndaráætlunarinnar fyrir náttúrustofuna, mun upplýsa nefndina nánar um stöðu verkefnisins á næsta fundi Breiðafjarðarnefndar.



Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 24. febrúar 2026, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.



BREIÐAFJARÐARNEFND

241. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 24. febrúar 2026, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

1. Fundargerð 240. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 240. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 20. janúar 2026.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2026 - Örnefnaverkefnið

Náttúrufræðistofnun og Breiðafjarðarnefnd halda sameiginlegan kynningarfund í Stykkishólmi þann 9. apríl þar sem niðurstöður örnefnaverkefnis verða kynntar almenningi.

Afgreiðsla:

Kynningarfundurinn skipulagður áfram í samræmi við upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun.

3. Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð

Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2014- 2019 hefur staðið yfir um nokkurt skeið.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, sem einnig vinnur að endurskoðun verndaráætlunar, sagði frá stöðu verkefnis.

Gert er ráð fyrir að Breiðafjarðarnefnd fái fyrstu drög að nýrri verndaráætlun til skoðunar síðar í vor.

4. Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2025.

Breiðafjarðarnefnd vinnur starfsskýrslu fyrir árið 2025. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög að starfsskýrslu milli funda og sendi þau nefndamönnum til yfirferðar fyrir fundinn.

Afgreiðsla:

Drögin voru rædd á fundinum og ákveðið að gefa nefndarfólki frest til að koma á framfæri athugasemdum. Málið verður tekið aftur upp á fundi í maí.

5. Breiðafjörður og Ramsar / Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd sendi ráðherra tillögur að framhaldi verkefnisins „Framtíð Breiðafjarðar“ í nóvember 2025. Í tillögunum lagði nefndin meðal annars til að unnið yrði að skráningu hluta Breiðafjarðar á Ramsar.

Formaður Breiðafjarðarnefndar og starfsmaður nefndarinnar áttu fund með ráðuneytinu í febrúar 2026 þar sem Ramsar tillagan og næstu skref verkefnisins voru rædd nánar. Á fundinum óskaði ráðuneytið eftir frekari upplýsingum um mögulegt Ramsar-svæði á Breiðafirði.

Starfsmaður nefndarinnar undirbjó minnisblað fyrir ráðuneytið milli funda og sendi nefndarfólki til yfirferðar fyrir fundinn.

Afgreiðsla:

Minnisblaðið var rætt á fundinum. Ákveðið var að gefa nefndarfólki frest til að gera athugasemdir milli funda áður en málið verður tekið aftur upp á fundinum í maí.

6. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Vorið 2025 gerði Breiðafjarðarnefnd samkomulag við fagaðila (Vatnaskil og Cowi) um að kanna og greina mögulega undirbúningsvinnuna fyrir verkefnið.

Breiðafjarðarnefnd og landeigendur við Hraunsfjörð áttu fund 22. janúar 2026 þar sem Vatnaskil og COWI kynntu niðurstöður sínar fyrir landeigendum. Í kjölfarið sendu landeigendur nefndinni afstöðu sína til framhalds verkefnisins milli funda.

Afgreiðsla:

Afstaða landeigenda lögð fram til kynningar og næstu skref verkefnisins rædd í ljósi hennar.

7. Umsögn – Svæðisskipulag Vestfjarða

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna svæðisskipulags Vestfjarða.

Hægt er að skoða málið í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/603>

Afgreiðsla:

Umsagnarbeiðni lögð fram til kynningar. Starfsmaður nefndarinnar mun vinna drög að umsögn og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsögninni verður skilað.



8. Umsögn - Rammahluti fyrir blágrænar ofanvatnslausnir og almenningsrými

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna kynningar tillögu á vinnslustigi frá Grundarfjarðarbæ.

Hægt er að skoða málið í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1370>

Afgreiðsla:

Umsagnarbeiðni lögð fram til kynningar. Starfsmaður nefndarinnar mun vinna drög að umsögn og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsögninni verður skilað.

9. Umsögn - Deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna auglýstra tillögu fyrir Grundarfjarðarhöfn frá Grundarfjarðarbæ.

Hægt er að skoða málið í skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1420>

Afgreiðsla:

Umsagnarbeiðni lögð fram til kynningar. Starfsmaður nefndarinnar mun vinna drög að umsögn og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsögninni verður skilað.

10. Önnur mál

Sveitarfélagið Stykkishólmur framkvæmdi jarðvegsvinnu við Búðanes í Stykkishólmi í nóvember 2024. Breiðafjarðarnefnd sendi sveitarfélaginu erindi vegna málsins vorið 2025. Fulltrúi sveitarfélaga á Snæfellsnesi í Breiðafjarðarnefnd greindi frá samtali við bæjarstjóra Sveitarfélagsins Stykkishólms, sem ítrekaði afstöðu sveitarfélagsins til málsins.

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 26. mars 2026, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.



201. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 23. mars 2026 og hófst hann kl. 19.00.

Mætt: Kristinn Hallur Sveinsson, Auður Kjartansdóttir, Inga María Sigurðardóttir, Trausti Gylfason og Skúli Hreinn Guðbjörnsson.

Dagskrá

1. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar.

- 1.1 Múlavirkjun ehf. Hofstöðum, Eyja og Miklaholtshreppi sækir um endurnýjun starfsleyfis. Heilbrigðiseftirlitið framlengdi starfsleyfið þann 26. febrúar 2026 í eitt ár í samræmi við heimild í 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu.
- 1.2 Íslenska Gámafélagið sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir gámastöð Sólbakka 12, Borgarnesi. Leyfið gildir frá 2. mars 2016 til 14. febrúar 2029.
- 1.3 Meindýravarnir Akraness sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi fyrir meindýraeyðir Háholti 32, á Akranesi. Leyfi gefið út 2. mars 2026 og gildir til 2. maí 2034.
- 1.4 Hraunsnef sveitahótel ehf. sækir um starfsleyfi fyrir baðaðstöðu Hraunsnefi 13. mars 2026 og gildir í 12. ár.
- 1.5 Úti er ævintýri ehf. sækir um starfsleyfi matsölustað, Þúfuna, Hrafnakletti 1 b í Borgarnesi. Leyfið var gefið út 19. febrúar og er ótímabundið.

Lagt fram

2. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998.

- 2.1 Trélausnir sf. sækja um skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja vegna asbest í lofti, Gamla skólanum Hvanneyri. Skráning var staðfest þann 2. mars 2026.

Lagt fram

3. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns um eftirfarandi umsóknir um rekstrarleyfi.

- 3.1 Umsögn vegna umsóknar Kiðafells ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund C- minna gistiheimili að Kiðafelli 1, Kjósarhreppi. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 12 manns. Jákvæð umsögn veitt 6. mars 2026.
- 3.2 Umsögn vegna umsóknar Úti er ævintýri ehf. um leyfi til reksturs veitingarstaðar að Hrafnakletti 1b, Borgarnesi. Hámarksfjöldi gesta er 130 manns. Jákvæð umsögn veitt 19. mars 2026.

Umsagnir til sýslumanns- tækifærisleyfi um eftirfarandi umsóknir.

- 3.3 Umsögn vegna umsóknar Guðrúnar Þórðardóttur vegna Góugleði í félagsheimilinu Röst Hellissandi 21. febrúar 2026. Jákvæð umsögn veitt 17. febrúar 2026.
- 3.4 Umsögn vegna umsóknar Sveitarfélagsins Stykkishólms vegna tækifærisleyfis fyrir skóladansleik, undankeppni söngkeppni Samfés fyrir Vesturland og Vestfirði í íþróttamiðstöðinni Borgarbraut 4. og 5 mars 2026. Gestafjöldi er 350 manns. Jákvæð umsögn veitt 2. mars 2026.
- 3.5 Umsögn vegna umsóknar Lionsklúbbs Búðardals um tækifærisleyfi fyrir samkomu með matarveitingum sem halda á í félagsheimilinu, Dalabúð, Búðardal, þann 21. mars frá kl. 19:00 til kl. 01:00 aðfaranótt 22. mars. Gestafjöldi er 120 manns. Jákvæð umsögn veitt 2. mars 2026.
- 3.6 Umsögn vegna umsóknar Siguróskar Sunnu Magnúsdóttir um tækifærisleyfi fyrir þorablót sem halda á í félagsheimilinu Lýsuhóli, Snæfellsbæ þann 21. febrúar frá kl. 19:30 til kl. 03:00 aðfaranótt 22. febrúar. Gestafjöldi er skv. umsókn er 160 manns. Jákvæð umsögn veitt 22. janúar 2026.
- 3.7 Umsögn vegna umsóknar Söndru Bjarkar Bergsdóttir um tækifærisleyfi fyrir þorablót/góugleði sem halda á í félagsheimilinu, Brún, Borgarbyggð þann 14. mars frá kl. 19:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 15. mars. Gestafjöldi er skv. umsókn er 100 manns. Jákvæð umsögn var send 10. mars 2026.
- 3.8 Umsögn vegna umsóknar Borgarbyggðar um tækifærisleyfi fyrir árshátíð sem halda á í samkomustaðnum, Hjálmakletti, Borgarnesi þann 21. mars frá kl. 19:00 til kl. 02:30 aðfaranótt 22. mars. Gestafjöldi er skv. umsókn er 340 manns. Jákvæð umsögn send 2026.
- 3.9 Umsögn vegna umsóknar Nemendafélags Fjölbrautarskóla Vesturlands vegna skóladansleiks að Vogabraut 5, 300 Akranesi, þann 30. apríl 2025 frá kl. 21:00 til kl. 00:00. Áætlaður gestafjöldi er skv. umsókn 220 manns. Jákvæð umsögn send 2026.
- 3.10 Umsögn vegna umsóknar Ívars Orra Kristjánssonar vegna skóladansleiks, árshátíð Arnardals og grunnskólanna í íþróttahúsinu, Vesturgötu 130, Akranesi, þann 19. mars 2026 frá kl. 18:00 til kl. 23:00. Áætlaður gestafjöldi er skv. umsókn 335 manns, aldur frá 13-16 ára. Jákvæð umsögn send 19. mars 2026.

Lagt fram

4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 4.1 Umsögn um Efra – Nes, Lýsing deiliskipulags, mál nr. : 198/2026. Umsögn skilað 2. mars 2026.

Grundarfjarðarbær

- 4.2 Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Grundarfjarðar vegna stækkunar á ÍB4-Háubakkar í Grundarfirði, mál 1500/2025. Umsögn skilað 27. febrúar 2026.

Hvalfjarðarsveit

- 4.3 Umsögn vegna umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku í landi Gandheima. Mál 36/2026. Umsögn skilað 23. febrúar 2026.

4.4 Umsögn um bílasafn á Fellsenda. Breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 og nýtt deiliskipulag Skipulagslýsing. mál 220/2026

Akranes

4.5 Umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir jarðhitaleit á Akranesi, mál nr. : 0136/2026. Umsögn skilað 4. mars 2026.

4.6 Umsögn um vinnslutillögu í kynningu- Deiliskipulag Flóahverfis og hringtorg Akranesvegur, mál nr. : 243/2026. Umsögn skilað 12. mars 2026.

Snæfellsbær

4.7 Umsögn um stækkunar á byggingareit við Bárðarás 1, Arnarstapa tillaga að breyttu deiliskipulagi. Umsögn skilað 13. mars 2026.

Lagt fram

5. Ársreikningur 2025

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2025 endurskoðaður af KPMG var lagður fram.

Tillaga að bókun: *Ársreikningur 2025 er samþykktur og fór undirritun fram rafrænt meðan á fundi stóð.*

6. Ársskýrsla 2025

Ársskýrslan er í vinnslu en framkvæmdastjóri kynnti helstu lykiltölur og verkefni.

7. Önnur mál

Kynnt að Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands verður haldinn 25. mars n.k að Hótel Borgarnesi.

Heilbrigðisnefnd heimilar nefndarmönnum að sækja fundinn.

Fundargerð 994. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, þriðjudaginn 3. mars kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 992. og 993. fundar - 2510044SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 992. og 993. fundar stjórnar Sambandsins frá 23. janúar og 18. febrúar 2026, sem undirritar hafa verið með rafrænum hætti.

2. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025 - 2602029SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2026, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi Sambandsins.

Stjórn Sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025 með stafrænni undirritun sinni.

3. Ársreikningur Bakhjarls Sambandsins 2025 - 2602030SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2026, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi Sambandsins.

Stjórn Sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025 með stafrænni undirritun sinni.

Hákon Sigurhansson og Þorbjörg Vígfúsdóttir komu inn á fundinn kl. 08:30.

4. FRN - Stýrihópur um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainviðir - 2510042SA

Hákon Sigurhansson, formaður stýrihóps félagsmálaráðuneytisins um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainviðir mætti á fundinn og kynnti drög að niðurstöðum hópsins.

Stjórn þakkar góða kynningu og leggur áherslu á áframhaldandi kraftur verði í verkefninu til að einfalda þjónustu íbúa milli stjórnsýslustiga. Ekki síst er mikilvægt að fleiri ráðuneyti komi að slíkri vinnu og fjármögnun til framtíðar sé tryggð.

5. MRN - Stýrihópur um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainviðir - 2509352SA

Porbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður stýrihóps mennta- og barnamálaráðuneytisins um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainviðir mætti á fundinn og kynnti drög að niðurstöðum hópsins.

Stjórn þakkar góða kynningu og leggur áherslu á áframhaldandi kraftur verði í verkefninu til að einfalda þjónustu íbúa milli stjórnsýslustiga. Ekki síst er mikilvægt að fleiri ráðuneyti komi að slíkri vinnu og fjármögnun til framtíðar sé tryggð.

Hákon og Porbjörg viku af fundi kl. 09:15.

6. Bakhjarl Sambandsins - fjárhagsáætlun 2026 - 2512016SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2026. Sviðsstjóri þjónustusviðs gerði grein fyrir áætluninni.

Stjórn Sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2026.

7. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins afnám áminningarskyldu o.fl. - 2602039SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað frá LEX, dags. 25. febrúar 2026, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.)

8. Endurskoðun á umgjörð síðanefndar Sambandsins - 2602038SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 26. febrúar 2026, um endurskoðun á umgjörð um síðanefnd Sambandsins.

Yfirlögfræðingi falið að hefja endurskoðun á umgjörð síðanefndar og leggja tillögu að uppfærðu erindisbréfi fyrir nýja stjórn.

Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, lögfræðingur hjá Sambandinu, kom inn á fundinn kl. 09:30.

9. Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati - 2602040SA

Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm gerði grein fyrir frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, mál nr. S-51/2026. sem og vinnu við umsögn Sambandsins um frumvarpið.

Yfirlögfræðingur falið að ganga frá umsögn Sambandsins í samræmi við umræður á fundinum.

Bryndís vék af fundi kl. 09:50.

10. Kostnaður sveitarfélaga við kosningar - 2602023SA

Lögð fram greinargerð og tillaga landskjörstjórnar á grundvelli 3. mgr. 7.gr. reglugerðar um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum nr. 442/2024, dags. 13. febrúar 2026.

Stjórn Sambandsins þakkar landskjörstjórn fyrir minnisblaðið, vandaða vinnu og samráð við sveitarfélögin í aðdraganda tillögunnar. Stjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna en leggur áherslu á að landskjörstjórn og/eða ráðuneytið kynni fyrirhugaðar breytingar vel þannig að einstökum sveitarfélögum gefist tækifæri á að koma skoðun sinni á framfæri enda ljóst að tillagan snertir sveitarfélögin með mismunandi hætti. Yfirlögfræðingi er falið að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við landskjörstjórn og ráðuneytið.

11. Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk - 2512023SA

Lögð fram drög samkomulagi milli ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra frágang þeirra og halda áfram viðræðum þeim tengdum við ríki og hagsmunaaðila.

12. Tilnefning í starfshóp um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda - 2602014SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 20. febrúar 2026 þar sem Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefndar í starfshóp um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda.

13. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um lagareldi - 2512043SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til atvinnuvegaráðuneytisins, dags. 26. janúar 2026, um drög að frumvarpi til laga um lagareldi, mál nr. S-252/2025.

14. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála - 2602005SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 2. febrúar 2026, um drög að frumvarpi til laga um stjórn vatnamála, mál nr. S-254/2025.

15. Umsögn um drög að reglugerð um námsmat - 2601025SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 6. febrúar 2026, um drög að reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats í grunnskólum, mál nr. S-6/2026.

16. Umsögn um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030 - 2602011SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. febrúar 2026, um tillögu til

þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030, 322. mál.

17. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga - 2602015SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2026, um drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga, mál nr. S-15/2026.
18. **Umsögn um frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks - 2602002SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 11. febrúar 2026, um frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks, 311. mál.
19. **Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn - 2602013SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 11. febrúar 2026, um frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn, 305. mál.
20. **Umsögn um drög að frumvarpi um stofnun innviðafélags - 2602012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 17. febrúar 2026, um drög að frumvarpi um stofnun innviðafélags, mál nr. S-14/2026.
21. **Umsögn um áform um breytingu á lögum um útlendinga - fjöldaflótti - 2602024SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2026, um áform um breytingu á lögum um útlendinga (fjöldaflótti), mál nr. S-29/2029.
22. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána - varanleg heimild - 2602027SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsmálaráðuneytisins, dags. 20. febrúar 2026, um drög að frumvarpi til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána (varanleg heimild), mál nr. S-34/2026.
23. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80-2016 - sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta og skipan Flóttamannanefndar - 2602035SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2026, um Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (sameiginleg vernd vegna fjöldaflótta og skipan Flóttamannanefndar), mál nr. S-48/2026.

24. Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um málefni offitu - 2602031SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2026, um drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um málefni offitu, mál nr. S-39/2026.

Í lok fundar var samþykkt að halda auka stjórnarfund þriðjudaginn 10. mars nk. kl. 08:00.

Fundi var slitið kl. 10:50

Fundargerð 995. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, þriðjudaginn 10. mars kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benedíktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 994. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 994. fundar stjórnar Sambandsins frá 3. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2509140SA

Lögð fram fundargerð 9. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 18. febrúar 2026.

3. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2509436SA

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 53. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 25. febrúar 2026.

4. Tillaga Viðreisnar um styttingu sumarfrís grunnskóla borgarinnar - 2601004SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 23. janúar 2026, en þá var málinu vísað til umfjöllunar í menntunar- og velferðarnefnd og kjaramálanefnd Sambandsins sem fjallað hafa um málið á fundum sínum.

Stjórn fór yfir umfjöllun nefnda um málið og bókar eftirfarandi vegna þessa.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að íslenskt grunnskólakerfi byggir á skýru og verkskiptu hlutverki ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Samkvæmt þeim fer ríkið með yfirstjórn málefna grunnskóla, setur landsbundna menntastefnu, aðalnámskrá og reglugerðir og tryggir þannig heildarstefnu í menntamálum.

Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri grunnskóla, sjá um daglegan rekstur, fjármál, mannauðsmál og skipulag skólustarfs ásamt því að móta eigin skólastefnu, sem byggja verður á gildandi lögum og aðalnámskrá.

Af framangreindu má vera ljóst að ákvarðanir um rekstrarleg og fagleg málefni grunnskóla s.s. um skipulag skólustarfs eru á ábyrgð menntayfirvalda þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

5. **Skýrsla og tillögur aðgerðarhóps um brúum umönnunarbilsins - 2509038SA**

Lögð fram skýrsla og tillögur aðgerðarhóps um brúum umönnunarbilsins, dags. í desember 2025.

Stjórn telur að framlagðar tillögur aðgerðarhópsins þarfnist ítarlegrar umræðu milli ríkis og sveitarfélaga áður en lengra er haldið með þær. Sveitarfélögin standa frammi fyrir miklum áskorunum í rekstri leikskóla, sem þau vinna að lausnum á, ekki síst núverandi mönnunarvanda. Leikskólinn er mikilvæg stofnun í þjónustu sveitarfélaga og í umönnun barna og vanda þarf þar til verka. Þá er ljóst að tillögur hópsins fela í sér auknar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin sem þarf að skoða með tilliti til tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga. Því leggur stjórn þunga áherslu á að áður en lengra er haldið með tillögur þessar þá verði komið á virkum umræðuvettvangi milli ríkis og sveitarfélaga þar sem hagsmunaaðilar komi einnig að eftir því sem umræðunni vindur áfram. Tillögur sem þessar kalla á vandað vinnulag og er því vísað til forsætisráðherra að koma þessum vettvangi á sem fyrst.

Anna Sigríður Guðnadóttir vék af fundi kl. 09:07.

6. **Bókun stjórnar SSH um skýrslu aðgerðarhóps um brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla - 2509038SA**

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. febrúar 2026, varðandi bókun stjórnar samtakana um skýrslu aðgerðarhóps um brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Stjórn leggur á það þunga áherslu að komið verði á umræðuvettvangi milli ríkis og sveitarfélaga um málið áður en lengra er haldið og þar muni sveitarfélögin sitja við borðið. Sambandið mun fylgja því eftir á næstu misserum áður en lengra er haldið.

Fundi var slitið kl. 09:10

Fundargerð 996. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 20. mars kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodorsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Anna Sigríður Guðnadóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hildur Rós Guðbjargardóttir mætir í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 995. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 995. fundar stjórnar Sambandsins frá 10. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga - 2603015SA

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. mars 2026, um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum. Yfirlögfræðingi falið að ganga frá umsögn í samræmi við umræður.

3. Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034 - 2602044SA

Framkvæmdastjórn ESB birti nýlega tillögur að nýjum samstarfsáætlunum fyrir tímabilið 2028-2034. Utanríkisráðuneytið hefur leitað samráðs um málið í samráðsgátt. Umfangsmiklar breytingar eru boðaðar á skipulagi og framkvæmd áætlana sem Ísland á aðild að á grundvelli EES-samningsins. Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandinu, kynnti með hvaða hætti Sambandið og sveitarfélög hafa sótt í þessa sjóði hingað til og með hvaða hætti boðaðar breytingar kunna að hafa áhrif á Sambandið og sveitarfélögin. Jafnframt farið yfir forsendur umsagnar Sambandsins við málið.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn sem var kynnt á fundinum.

4. **FRN - Stýrihópur um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainviðir - 2510042SA**

Lagðar fram tillögur stýrihóps félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um stafræn verkefni og gagnamál í félagsþjónustu. Á stjórnarfundum 3. mars sl. var framtíðarsýn og helstu niðurstöður stýrihópsins kynntar.

Stjórn Sambandsins lýsir yfir fullum stuðningi við það samstarf sem komist hefur á um stafræn verkefni innan félagsþjónustunnar. Aðgerðir í fyrirbyggjandi áætlun eru markvissar og til þess fallnar að ná megi þeirri framtíðarsýn sem vonir standa til að raungerst hafi í lok tímabilsins 2026 til 2028. Tilteknar aðgerðir í áætluninni eru með fyrirvara um fjármögnun, m.a. hvað varðar samkomulag á milli ráðuneyta og jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um tímabundinn fjárhagslegan stuðning til sveitarfélaga vegna greiðslu gjalda í tengslum við innleiðingu skráningarkerfa. Stjórnin hvetur til þess að samkomulag náist um eðlilega skiptingu þessa stuðnings, sem metið er að geti náð 200 m.kr. á ársgrundvelli á síðasta heila ári innleiðingartímans (2028). Þá felur stjórnin stjórnendum og starfsfólki Sambandsins að taka fullan þátt í þeim aðgerðum sem fram koma í áætluninni.

5. **Útkomuspá A-hluta sveitarfélaga 2025 og fjárhagsáætlanir 2026-2029 - 2511012SA**

Lagt fram minnisblað aðalhogfræðings Sambandsins, dags. 20. mars 2026, um útkomuspá A-hluta sveitarfélaga 2025 og fjárhagsáætlanir 2026-2029.

6. **Umsögn um drög að stefnu Saman gegn sóun og aðgerðaáætlun - 2602045SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. mars 2026, um drög að stefnu Saman gegn sóun og aðgerðaráætlun, mál nr. S-6/2026.

7. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati - 2602040SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 4. mars 2026, um drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati, mál nr. S-51/2026.

8. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins afnám áminningarskyldu o.fl. - 2602039SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 5. mars 2026, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.), mál nr. S-41/2026.

9. **Umsögn um grænbók um byggðamál - 2603007SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. mars 2026, um Grænbók um byggðamál, mál nr. S-22/2026.

Fundi var slitið kl. 09:00



SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...

Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Frá: Starfshóp um mat á þörf á nýrri slökkvibifreið

Dags. 27. mars 2026

Efni: Þarfagreining vegna mögulegra kaupa á nýrri slökkvibifreið

Skipun starfshópsins

Á 397. fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar 8. janúar sl. var skipaður starfshópur til að meta þörfina á nýrri slökkvibifreið og hvaða kostum ný slökkvibifreið ætti að hafa. Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í starfshópinn:

- Auður Kjartansdóttir, forseti bæjarstjórnar
- Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
- Matthías Páll Gunnarsson, slökkviliðsstjóri
- Patryk Zolobow, fulltrúi minnihluta

Gert var ráð fyrir að hópurinn myndi skila tillögum af sér fyrir 1. apríl 2026.

Hópurinn fundaði í fjögur skipti, 14. janúar, 4. febrúar, 11. febrúar og 18. febrúar ásamt því að safna gögnum á milli funda.

Slökkvibifreiðarnar sem eru í eigu Snæfellsbæjar

Scania dælubíll, árg. 2008

Bifreiðin er með 4000 lítra vatnstank, 200 lítra froðutank og 4000 l/mín. dælu. Þessi dælubifreið er vel búin og hentar vel í dreifbýli. Á bifreiðinni er tvöfalt mannskapshús með sérútbúnum sætum fyrir reykkafera. Fastur búnaður er, m.a. 6,5 tonna rafmagnsspil, rafall, ljósamastur með tveimur 1.000 W kösturum, tvö háþrýstikefli með 90 metra löngum 3/4" slöngum og 3.200 l/mín. monitor á þaki.

Benz, dælubíll, árg. 1986

Bifreiðin var upphaflega keypt af Ólafsvíkurborg, og hugsuð til notkunar innanbæjar í Ólafsvík. Bifreiðin er með 2500 lítra vatnstank og 3400 l/mín. dælu. Bíllinn var allur yfirfarinn árið 2006, bæði bíll, vél og vatnsdæla. Vél bifreiðar er þó frekar kraftlítill miðað við að þurfa að fara yfir Fróðárheiði og lengri vegalengdir, en svæði Slökkviliðs Snæfellsbæjar er mjög stórt.

Mismunandi gerðir slökkvibifreiða

Starfshópurinn skoðaði mismunandi stærðir og gerðir af slökkvibifreiðum. Við sátum m.a. fundi með fulltrúum frá Ólafi Gíslasyni & co hf. og fengum kynningu á þeim bifreiðum og búnaði sem eru í boði hjá þeim ásamt því að eiga fund með slökkviliðsstjóra Vesturbyggðar. Fengum upplýsingar frá sveitarfélagi sem keypt hafði slökkvibifreiðar beint að utan að undangengnu útboði, þar sem við fengum upplýsingar um, hvaðan þær voru keyptar og hvernig þær hafa verið að reynast. Þá hefur starfshópurinn skoðað þónokkur útboðsgögn.

Starfshópurinn skoðaði meðal annars eftirfarandi gerðir af slökkvibifreiðum:

Tankbíll

Samkvæmt brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar er lagt til að kaupa þurfi 12 tónna tankbifreið m.a. vegna erfiðrar vatnstöku á sunnan- og vestanverðu Snæfellsnesi. Hins vegar eru staðsettar tankbifreiðar í Grundarfirði, Stykkishólmi og Borgarnesi. Á tankbifreið komast einungis tveir aðilar. Það myndi ekki nægja að kaupa einungis nýja tankbifreið því það þarf einnig að flytja mannskap á vettvang.

Undanfararbíll - sprinter

Undanfararbílar komast hraðar yfir og komast oft fyrir á vettvang, hins vegar eru þeir með minni tanka og ekki eins öflugur dælur. Reynslan hefur verið sú að undanfararbílar hefðu ekki skipt máli í þeim atburðum sem hafa orðið hér, það hefur verið meiri þörf á tveimur stærri bílum sem eru með meira magn af slökkvivatni en undanfararbílar.

Dælubíll

Með kaupum á dælubíl er hægt að fá bíl með 4000 lítra tank, stóra dælu ásamt svokölluðu one seven kerfi eða öðru sambærilegu CAF kerfi (þrýstifroðukerfi) sem margfaldar afkastagetu bílsins. Slíkur dælubíll er einnig hentugur þar sem hann rúmast inn í slökkvistöðina og hann nær að flytja fleiri aðila á vettvang en aðrir minni bílar. Dælubíllinn þarf að vera aflagóður þar sem bifreiðin þarf að sinna þétt- og dreifbýlinu og þarf að fara yfir heiði til að sinna viðbragði á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Niðurstaða

Starfshópurinn leggur til að farið verði í útboð í dælubíl með CAF kerfi sem margfaldar afkastagetu bílsins eða allt að 7 sinnum. Útboðið skal vera bæði á íslensku og ensku. Það getur verið kostur að hafa svigrúm á afhendingartíma því þá er möguleiki að ná að komast inn í pöntun með öðrum löndum sem gefur tækifæri til hagstæðari verða.

Gera má ráð fyrir að það taki um 18 mánuði að fá bíl afhentan frá því að útboðsferli hefst.

Áætlað verð: 80 til 100 milljónir króna.

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@sylumenn.is>
Sent: fimmtudagur, 26. mars 2026 11:45
To: Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellbæjar; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; Vesturland - Opinbert netfang julli40@gmail.com
Cc:
Subject: Ums.b/rek.V.II-Bókakaffi Bjarkeyjar, Hellisbraut 18, Snæfellsbær_2026022227
Attachments: Umsb.rek.V.II-Bókakaffi Bjarkeyjar,Hellisbraut 18,Snæfellsbæ_2026022227.pdf; Rekstrarleyfi notendagögn.pdf; hellisbraut 18ehf.pdf; hellisbraut 18 aðaluppdráttur.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Hellisbraut 18 ehf kt. 540807-1160, um rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki II, veitingastofa og greiðasala, sem rekinn verður sem Bókakaffi Bjarkeyjar, að Hellisbraut 18 (F2114308), Snæfellsbæ.

Hjálagt fylgir umsagnarbeiðni, notendagögn, ásamt teikningum.

Óskað er umsagnar viðtakenda þessa pósts.

kveðja
Daðey.

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sylumenn \(island.is\)](http://Sylumenn.island.is)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumenn

Sýslumaðurinn á
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vestulands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2026-022227
Akranes, 26. mars 2026

Umsagnarbeiðni - Veitingaleyfi

Umsækjandi: Hellisbraut 18 ehf., kt. 540807-1160, Sunnubraut 26, 200 Kópavogi,
Forsvarsmáður: Júlíus Steinar Heiðarsson, kt. 080969-4229, Lokastígur 20A, 101
Reykjavík. Sími: 6634757. Netfang: julli40@gmail.com
Tegund umsóknar: - Umsókn um leyfi til reksturs Veitingaleyfi í Flokkur II – C Veitingastofa
og greiðasala

Heiti staðar: Bókakaffi Bjarkeyjar, Hellisbraut 18, 356 Snæfellsbæ.

Staðsetning:

Heiti fasteignar: Fasteignanúmer: Rýmisnúmer: Hámarksfjöldi gesta:
Hellisbraut 18 F2114308 020101 25

Afgreiðslutími áfengis:


Virka daga frá:	Virka daga til:	Aðfaranætur frídaga frá	Aðfaranætur frídaga til
kl:12:00	kl:23:00	kl:12:00	kl:23:00

Hámarksgestafjöldi: 25 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsógn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðni þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsógn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@syslumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi


Daðey Þóra Ólafsdóttir,
sviðsstjóri þjónustusviðs

Til sveitarfélaga

Reykjavík, 26. mars 2026
Tilv. 2510006

Opinber innkaup – Niðurstöður vinnustofu og ráðstefnu

1. Þann 19. febrúar 2026 efndu Samkeppniseftirlitið, Stjórnarráðið og OECD til ráðstefnu þar sem fjallað var um samkeppni og hið opinbera, þar á meðal leiðir til að efla skilvirkni og auka verðmætasköpun fyrir samfélagið. Sérfræðingar OECD höfðu framsögu og fram fóru pallborðsumræður með þátttöku innlendra og erlendra sérfræðinga, fjármálaráðherra og fulltrúa úr stjórnslu og atvinnulífi. Nánari upplýsingar um [fundinn](#) má nálgast á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, þ. á m. glærुकyningar og upptökur.¹
2. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um mikilvægi þess að samkeppnisfyrirvöld og stofnanir ríkis og sveitarfélaga eigi virkt samtal um leiðir til að tryggja samkeppni í opinberum innkaupum. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að vinna gegn samkeppnishindrunum í regluverki með betri samvinnu og skipulagningu innan stjórnslunnar.
3. Í aðdraganda fundarins voru haldnar tvær vinnustofur, annars vegar um opinber innkaup og leiðir til að verjast ólögmetu samráði í útboðum og hins vegar um samkeppnismat á lögum og reglum. Vinnustofurnar voru vel sóttar, en allmargir innkaupaaðilar (stærri innkaupastofnanir, sveitarfélög o.fl.) og flest lykílráðuneyti áttu þar fulltrúa.
4. Á síðustu mánuðum hefur Samkeppniseftirlitið einnig hitt stjórnendur allmargra innkaupastofnana og átt ítarleg samtöl við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Fjársýsluna o.fl. Er þessi vinna liður í því að uppfylla þau hlutverk Samkeppniseftirlitsins að tala fyrir leiðum til að efla samkeppni og uppræta möguleg lögbrot í útboðum.
5. Með bréfi þessu vill Samkeppniseftirlitið minna á mikilvægi vandaðra innkaupa (kafli 1), draga saman helstu niðurstöður umræðunnar á ofangreindum fundum (kafli 2) og leita sjónarmiða um hvernig standa megi að málum í framhaldinu (kafli 3).

1. Nánar um opinber innkaup

6. Opinber innkaup nema nú um stundir hundruðum milljarða króna á ári hverju. Samráð í innkaupum er sérstaklega skaðlegt og er til þess fallið að valda hinu opinbera, og þar með almenningi, stórfelldu tjóni. Á hinn bóginn eru vel útfærð útboð til þess fallin að hið opinbera fái meiri og betri þjónustu eða vörur fyrir lægra verð.

¹ Sjá upplýsingasíðu um fundinn:
<https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samkeppni-og-hid-opinbera-ad-miklu-er-ad-vinna-fyrir-islenskt-atvinnulif-og-almenning/>



7. Alþjóðleg reynsla sýnir því að árvekni og vandað verklag í útboðum skilar miklum ábata fyrir hið opinbera. Um leið geta vönduð útboð, þar sem samráð bjóðenda fær ekki þrífist, örvað samkeppni á mörkuðum og þannig stuðlað að því að fleiri keppi í sambærilegum útboðum í framtíðinni.
8. OECD hefur beint [tilmælum](#) til aðildarríkja um beitingu útboða í opinberum innkaupum. Jafnframt hefur OECD uppfært og gefið út [leiðbeiningar](#) um varnir gegn ólögmetu samráði í útboðum (Guidelines for Fighting Bid Rigging in Public Procurement). Þar er bent á leiðir til þess að auka samkeppni í útboðum og koma auga á mögulegt samráð í útboðum. Íslensk útgáfa leiðbeininganna var kynnt á fundunum.²
9. Reynslan sýnir að ávinningur af því að uppræta samráð, ásamt bættri hönnun útboða með það markmiði að fjölga mögulegum bjóðendum, getur skilað samfélaginu umtalsverðum ávinningi. Rannsóknir sem OECD vitnar til sýna að aukning kostnaðar vegna samráðs í opinberum innkaupum getur verið **20%** eða hærrí.
10. Í þessu sambandi má minna á að í skýrslu [nr. 7/2024](#) er fjallað um niðurstöður könnunar sem Samkeppniseftirlitið lét framkvæma á meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja árið 2023. Þar kemur fram að tæpur þriðjungur íslenskra stjórnenda skynjar samráð á þeim mörkuðum sem fyrirtæki þeirra starfa. Rúmlega fjórðungur (27%) þeirra sem hafa orðið varir við ólögmett samráð töldu að samráðið tengdist útboðum.

2. Helstu niðurstöður umræðna á vinnustofu og ráðstefnu

11. Á vinnustofunni um opinber innkaup var fjallað um hlutverk Samkeppniseftirlitsins og túlkun á banni við ólögmetu samráði í útboðum. Þá fjölluðu sérfræðingar OECD um hönnun útboða og rauð flögg í útboðsferli. Sérstaklega var fjallað um vísbendingar um ólögmett samráð í útboðum, en í leiðbeiningum OECD um baráttu gegn samráði í útboðum er dregin saman reynsla fjölda ríkja og stofnana og dreginn lærdómur af henni. Þá fjölluðu sérfræðingar OECD og Samkeppniseftirlitsins um útilokun bjóðenda í útboðum.
12. Mjög gagnlegar umræður spunnust um þessi atriði, bæði á vinnustofunni og ráðstefnunni. Að mati Samkeppniseftirlitsins má draga saman eftirfarandi niðurstöður úr umræðunum:
13. Í fyrsta lagi er mikilvægt að **efla samskipti milli þeirra sem annast innkaup** fyrir hið opinbera, bæði milli innkaupastofnana á vegum ríkisins, sveitarfélaga innbyrðis og milli stofnana ríkisins og sveitarfélaga. Tilhögun og undirbúningur útboða virðist í ýmsum tilvikum ólíkur frá einum innkaupaaðila til annars og árangur jafnframt mismunandi. Þótt ýmis sérsjónarmið gildi um innkaup á einstökum sviðum og munur sé á t.d. lyfjainnkaupum, samningum um heilbrigðisþjónustu eða kaupum á verktakaþjónustu, virðist ljóst að ólíkir aðilar geta haft gagn af því að miðla reynslu og þekkingu.

² Recommendation of the Council on Public Procurement, adopted on 18/02/2015.

[OECD Legal Instruments](#)

OECD Guidelines for Fighting Bid Rigging in Public Procurement (2025 Update).

[What is bid rigging?: OECD Guidelines for Fighting Bid Rigging in Public Procurement \(2025 Update\) | OECD](#)



14. Í öðru lagi **skortir aðgengi að heildstæðum upplýsingum** um innkaup og útboð. Sameiginlegur gagnagrunnur ríkis og sveitarfélaga um útboð og framkvæmd þeirra myndi gera innkaupastofnunum betur kleift að læra af reynslunni og koma auga á vísbendingar um óeðlilega háttsemi, s.s. samráð í útboðum. Gagnagrunnur af þessu tagi myndi jafnframt styrkja eftirlit Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið og fjármálaráðuneytið hafa verið í samskiptum um þetta, en síðasta haust stóð eftirlitið fyrir vinnustofu þar sem fjallað var um þetta sérstaklega. Hefur Samkeppniseftirlitið látið ráðuneytinu í té tillögur sem fela í sér breytingar á fyrirliggjandi útboðsvef, sem þjóna myndu þessum tilgangi.
15. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að **endurskoða reglur og verklag er varðar upplýsingagjöf í tengslum við útboð**. Á vinnustofunni kom m.a. fram að birting kostnaðaráætlana fyrir útboð er ekki í samræmi við æskilegt verklag og er til þess fallið að samræma tilboð, mögulega í andstöðu við lög. Þá þarf einnig að huga að verklagi við birtingu niðurstöðu útboða, þ.m.t. tilboða.
16. Í fjórða lagi er mikilvægt að koma á **skipulegu verklagi við tilkynningar innkaupastofnana til Samkeppniseftirlitsins**, þegar þær verða varar við vísbendingar um óeðlilega háttsemi í útboðum. Á vinnustofunni og á ráðstefnunni hvatti Samkeppniseftirlitið alla aðila sem verða varir við óvenjulega háttsemi í tengslum við útboð að hafa óformlega samband við eftirlitið og leita ráðgjafar. Er sú hvatning ítrekuð hér með. Áréttu ber að innkaupastofnanir eða aðrir aðilar sem telja sig búa yfir vísbendingum um óeðlilega háttsemi þurfa ekki að leggja mat á það hversu sterkar vísbendingarnar eru. Það mat á að vera í höndum Samkeppniseftirlitsins.

3. Úrbótatækifæri

17. Með vísan til alls framangreinds blasa við úrbótatækifæri sem til þess eru fallin að styrkja opinber innkaup, með það að markmiði auka hagkvæmni í ríkisrekstri, styrkja nýsköpun og efla samkeppni á fjölþættum sviðum atvinnulífs. Er það til hagsbóta fyrir ríki og sveitarfélög í síðari innkaupum, en einnig í þágu almennings og fyrirtækja. Aðgerðir af þessu tagi eru til þess fallnar að styðja við markmið ríkisstjórnarinnar um að halda niðri kostnaði og þar með hagræða í ríkisrekstri.
18. Samkeppniseftirlitið kallar því eftir áframhaldandi samtali um a) öflugra samstarf innkaupastofnana, b) heildstæðari og betri gagnagrunn um útboð, c) endurskoðun á upplýsingagjöf í tengslum við útboð og d) þéttari samskipti innkaupastofnana við Samkeppniseftirlitið, e.a. með skýrari ferlum er varðar tilkynningar um möguleg brot á samkeppnislögum.
19. Gagnlegt væri að fá sjónarmið ráðuneyta og innkaupastofnanna um framangreind atriði eða önnur atriði sem brýnt er talið að taka til umfjöllunar. Jafnframt verður fjallað nánar um þessi mál í samskiptum Samkeppniseftirlitsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Meðal annars kemur til álita að Samkeppniseftirlitið hafi afskipti af upplýsingagjöf í tengslum við útboð og uppfæri og endurskoði álit nr. 4/2009, um opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir. Er ráðuneytum og innkaupastofnunum jafnframt boðið að koma á framfæri sjónarmiðum um það.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Magnús Þór Kristjánsson



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

{ 551 8150 ☎ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélags Íslands

Hafnarfirði, 28. mars 2026

Efni: Umsögn um breytingartillögu meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla (157. löggjafarþing, mál 265, þskj. 949).

Fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands (SÍ), haldinn í Hafnarfirði þann 28. mars 2026, lýsir yfir þungum áhyggjum og mótmælir fyrirhugaðri breytingu meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar á viðmiðum um tilkynningarskyldu skógræktar. Í nefndarálitni er lagt til að mörk tilkynningarskyldu verði lækkuð úr 200 niður í 100 hektara sem er að mati fundarins skref aftur á bak í viðleitni til að efla skógrækt og landgæði á Íslandi.

Fulltrúafundurinn bendir á eftirfarandi röksemdir:

1. Flóknara stjórnkerfi og minni hvati

Meginmarkmið frumvarpsins er að „einfalda og samræma leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála“. Sú breyting að lækka viðmið tilkynningarskyldu vinnur beint gegn þessu markmiði. Reynsla þeirra sem starfa við skógrækt sýnir að aukið skrifræði og þyngra umsóknarferli dregur úr hvata landeigenda til að hefja skógrækt á jörðum sínum. Samkvæmt nýlegum upplýsingum um kostnað við umhverfismat í undanfara nýskógræktar, getur kostnaður við gerð matsskýrslu á einni jörð numið 20-30 milljónum króna. Skógræktendur, s.s. skógræktarfélag og skógarbændur, hafa ekki ráð á að leggja í slíkan kostnað. Með lækkun á viðmiðunarstærð fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er því verið að kollvarpa fyrirkomulagi sem reynst hefur vel í áratugi. Með þessu er vegið að grundvelli greinarinnar og framtíðarskipulag skógræktar sett í uppnám.

2. Skipulagsleg og efnahagsleg neikvæð áhrif

Skógar njóta sín best sem samfelld landslagsheild. Viðmið um 100 hektara mörk hvetja til „frímerkjaskógræktar“ – smárra og sundurleitra svæða sem hafa verið gagnrýnd í áratugi í nafni „landslagsverndar“. Smærri skógarreitir draga auk þess úr skjóláhrifum, torvelda hagkvæma nýtingu afurða og minnka heildarávinning skógræktar fyrir landbúnað og samfélag, auk þess að leiða til skerðingar á stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi og eignarrétti. Í stað heildstæðrar landnýtingar leiðir þetta til brotakenndara landslags.

3. Líffræðileg fjölbreytni og mófuglastofnar

Því hefur verið haldið fram að takmarka þurfi stærð skógræktarsvæða vegna varðveislu búsvæða mófugla (vaðfugla) á Íslandi. Með „mófuglum“ er vísað til þeirra fuglategunda sem eiga heimkynni sín á opnu landi, svo sem í mómýrum, lyngmóum, heiðum og graslendi. Þetta eru fuglar - svo sem heiðlóa, spói, hrossagaukur eða þúfutittlingur - sem verpa á jörðinni og treysta á útsýni og opið rými til að bera kennsl á rándýr í tæka tíð. Rannsóknir sýna hins vegar að jaðaráhrif eru mest í smærri og sundurlausum skógarreitum. Með því að þrýsta á 100 hektara einingar aukast jaðaráhrifin margfalt miðað við stærri, samfelld skógi vaxin svæði. Þannig vinnur þessi tillaga gegn hagsmunum mófuglastofna með því að valda meiri röskun á stærra svæði en nauðsyn krefur. Smærri og dreifðari skógarreitir valda meiri truflun á stærra svæði fyrir þessa fugla en einn stór skógur.

4. Loftslagsmarkmið Íslands í húfi

Ísland hefur sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum þar sem binding kolefnis með skógrækt skipar lykilhlutverk. Losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF) er stærsti einstaki flokkurinn í losunarbókhalda Íslands og mjög hár í alþjóðlegum samanburði. Áætluð heildarlosun Íslands var á árinu 2024 um 11,0 milljónir tonna, þar af nam landnotkun um 6,3 milljónum tonna (u.þ.b. 57%). Í því samhengi stuðlar nýskógrækt eingöngu að því að aukinni bindingu; á árinu 2022 nam binding í skóglendi t.d. um 505 þúsund tonnum, sem dregst frá heildartölu LULUCF-geirans (6,3 milljónum tonna CO₂) um 8%. Allar hindranir sem settar eru í veg fyrir nýskógrækt draga úr getu þjóðarinnar til að mæta alþjóðlegum skuldbindingum okkar við að takast á við loftslagsvána. Það skýtur skökku við að herða reglur um skógrækt á sama tíma og kallað er eftir aukinni kolefnisbindingu.

5. Sérstaða Íslands og sjálfbærni

Lykillinn að sjálfbærni og viðaröryggi þjóðarinnar liggur í öflugri skógrækt. Ísland er enn eitt skóglausasta land Evrópu með aðeins um 0,6% skógarþekju, enda flytjum við inn 99% af okkar timbri og öðrum viðarafurðum. Stjórnvöld ættu að viðurkenna að timburöryggi verði til jafns við matvæla- og orkuöryggi í hagvörnum landsins og grípa til samræmdra aðgerða til að auka innlenda timburframleiðslu og að styrkja virðiskeðju í íslenskri skógrækt og tímuriðnaði. Það er því óeðlilegt að horfa til laga og reglna í löndum þar sem aðstæður eru allt aðrar; jarðir mun minni að flatarmáli, land í betra ástandi, landið þéttbýlla (og þ.a.l. samkeppni um land til muna meiri) og skógarþekja margföld á við það sem hér gerist. Við Íslendingar eigum ekki að lögfesta íþyngjandi lög – að eigin frumkvæði - sem hamla vexti atvinnugreinar sem er enn í uppbyggingu og gæti átt eftir að skila komandi kynslóðum góðum ábata og velmegun.

Niðurstaða Fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands lýsir yfir miklum vonbrigðum með þessa ákvörðun meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar. Fundurinn hvetur nefndina og Alþingi til að endurskoða þessa breytingu og tryggja að lagaumhverfið styðji við, en hamli ekki, framgangi skógræktar á Íslandi.

Ályktun þessi er send á fjölmiða, alþingismenn og sveitarfélög.